

Vörslumaður hálendisins

Landsþjöll á norðausturhálendinu hryggja Völund Jóhannesson og við óðal sitt í Grágæsadal ræktar hann skika með jurtum sem bjargað var úr lónstæði Háslóns áður en flæddi yfir. **Steinunn Ásmundsdóttir**rabbaði við þennan aldna vörslumann landsins.

Völundur Jóhannesson er nánast þjóðsagnapersóna meðal þeirra sem eitthvað kunna skil á norðaustanverðu hálendi Íslands. Hann stofnaði Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og var formaður þess fyrstu 20 ár og potturinn og pannan í óteljandi hálendisferðum þar sem litið var bæði hátt og lágt og engin jurt svo smá að ekki mætti að henni dást svo sem eins og svipmiklum náttúrumyndunum og jafnvel tröllslegum. Völundur var einn forvígismanna að byggingu skála, m.a. í Kverkfjöllum, Snæfelli, Geldingafelli, við Kollumúlavatn og í Grágæsadal. Hann hefur í áratugi verið einn ötulasti talsmaður þess að öræfin væru látin í friði fyrir virkjunarframkvæmdum og háspennustrengjum og hefur marga fjöruna sopið í viðskiptum við virkjunarsinna allt frá árdögum hugmynda um Fljótsdalsvirkjun til Kárahnjúkavirkjunar, þó að hann eigi vináttu velflestra þeirra þrátt fyrir það.

Völundur hefur rambað um öræfin í rúmlega hálfra öld og þekkir þau eins og lófann á sér. Hann hefur frá 1970 haft forgöngu um að merkja vegslóða og stika þá norðan Vatnajökuls. Leitað er í smiðju hans varðandi örnefni og glöggur er maðurinn með afbrigðum á náttúrufar og sögu öræfanna. Hann hefur farið um gangandi og akandi og þá oft á hinum kynlegustu farartækjum, svo sem eins og heimauppgerðum herjeppa frá '41 og fyrstu árin, meðan illfært var um, ók hann öræfin á snjóbil.

Það jaðrar við að Völundur sé runninn saman við öræfin. Og samt býr hann á Egilsstöðum og sinnir þar sínu en ver drjúgum tíma á óðalinu í Grágæsadal. Þar var hann síðast á fimmtudag og sagði nánast sumarfæri utan harðskafla undan steinum, þrátt fyrir að vetur sé skollinn á.

Törfafoss kominn á kaf

Völundur segir að nýjustu fregnir af örlogum landsins séu hvarf Törfafoss, efsta foss í Kringilsá, undir Háslón. Í bókinni Á hreindýraslóðum eftir Helga Valtýsson segir frá Kringilsá haustið 1939: „Efri fossinn í Kringilsá mun nú vera meðal fegurstu fossa hér á landi og sjaldgæfur mjög á vissan hátt. Og í núverandi mynd mun hann vera yngsti foss landsins. Fljót á litið er hann smækkuð mynd af Dettifossi. (...) Sennilega er foss þessi óskírður enn, enda hefir hann verið í reifum til skamms tíma. Nefndi Friðrik (Stefánsson á Hóli í Fljótsdal, (innsk. blm.) hann Törfafoss og er það bæði skáldlegt nafn og fagurt. Og satt að segja á hann það nafn með réttu!“ skrifar Helgi Valtýsson. Á þessu sést að ekki hefur það verið Ómar Ragnarsson sem nefndi fossinn Törfafoss, eins og haldið hefur verið fram.

„Landsvirkjunarmenn sögðu alltaf, bæði á prenti og í orðastað, að fossinn í Kringilsá færi hálfur í kaf þegar mest yrði í lóninu,“ segir Völundur. „Í bók Páls Ásgeirs Ásgeirssonar, Hálendishandbókinni, segir Páll að lónið eigi bara að koma upp á miðjan foss. Stefán Halldórsson á Brú hafði það líka eftir Landsvirkjunarmönnum að lónið færi á miðjan fossinn. Fyrir tæpum mánuði tók ég hins vegar ljósmynd sem sýnir glögglega að líklega er orðið 7 til 8 metra dýpi niður á fossinn og



Öræfavé Grágæsadalur er í 640 metra hæð á vestanverðum Brúaröræfum norðan Vatnajökuls og þar þrífast í jurtagarði Völundar Jóhannessonar yfir 200 aðfluttar tegundir. Úr dalnum er fögur sýn til Kverkfjalla. — Ljósmynd/Völundur Jóhannesson



[]

lónið nær núna um 800 metra frá fossinum og inn eftir. Þarna er sem sagt farinn enn einn fagur foss í kaf sem átti ekki að fara í kaf samkvæmt opinberum upplýsingum. Ég sagði fólki að þetta myndi gerast en það trúði mér ekki. Ég var búinn að sjá þetta fyrir af hæðarmerkingum í lónstæðinu. Áróðurinn er þannig að Landsvirkjunarmenn skrókva bara með ýmislegt,“ segir Völundur og gremst sýnilega.

Grágæsadalur liggur í 640 metra hæð suðaustan undir Fagradalsfjalli norðan Brúarjökuls, á vestanverðum Brúaröræfum. Úr dalnum er fögur sýn til Kverkfjalla. Í honum er vatnið Kreppulón, sem er um 1.100 metra langt og 800 metra breitt. Kverká rennur til norðvesturs sunnan við mynni dalsins á leið sinni í Kreppu og flæðir stundum upp í vatnið. Austan megin í dalnum er gil og framundan því eyri með eyrarrósabreiðu. Hvönn vex við lindir og með lækjum og mosapembur í hlíðum og botni dalsins laða til sín mikið af heiðagæs.

Minningarreitur um landslag

„Í girðingunni hjá mér í Grágæsadal er dálítið merkilegur reitur sem er markaður með gulum spotta“ heldur Völundur áfram. „Þar er gróður sem ég er búinn að flytja síðustu þrjú ár úr lónstæðinu. Þarna eru líka steinar úr Rauðurð, aðrir úr hitakíslinum við Sauðárfoss og stuðlaberg úr Kastalanum. Þetta fór allt á kaf í fyrrihaust. Menn hlæja nú að þessu en ég segi að þetta sé minningarreitir um landslagið sem nú er allt saman farið undir Háslón. Gróðurinn tók ég aðallega við Sauðárfoss, undir stíflunni sem kemur á Laugavalladal og innan við Lindir. Þar innundir Sauðárkofa tók ég gróður snemma í vor þegar ég var að horfa á gæsirnar. Þetta eru kannski ekkert merkilegar jurtir, þær eiga hvort eð er heima þarna hjá mér, en þetta er táknrænt.“

Byggingar í Grágæsadal eru þrjár litlar burstir og bænhús. Við sjálfan skálann, þar sem sex menn geta sofð og nært sig, er snyrtihús og þar eru einnig geymdir rafmagnsgeymar fyrir sólarcellur og 60 ára vindrafstöð sem er í fullu fjöri. Þar utan við er skemma, sem áður var bátshús en er nú geymsla fyrir áburð, fræ og verkfæri. Fjórdá húsið, sem stendur inni í garðinum er bænhúsið hans Völundar. „Ég bjó það fyrst til vegna þess að mig vantaði geymslu fyrir garðverkfæri og hjólbörur og fleira. Svo komu nú virkjunarmenn einn daginn og ég sagði við þá að þeir skyldu fara inn í hús og biðja fyrir landinu. Kjartan Reynisson frændi minn kom með krossmark og það var sett á stoðir inni í gaflinum. Þórhallur Þorsteinsson kom með tvo kertastjaka með kúlukertum þannig að orðið var hátíðlegt þarna inni.“

Í bænhúsinu, sem er tveir metrar á kant, er bak og bekkur sem setja má fram og er þá komið fleti fyrir einn mann. Á móti er annar bekkur styttri og þar geta setið þrír, en fjórir gegnt. Hákon Aðasteinsson lét Völund hafa gæruskinn á bekkina til að gera notalegra.

Nokkurt landbrot var af Kreppulóni á gróðurhluta Grágæsadals og þegar vatnið hafði brotið 30 metra upp að húsinu lét Völundur aka 3.000 rúmmetrum af mól og grjóti í bakkann á vatninu svo gróðurinn brotnaði ekki meira.

Tvö hundruð tegundir jurta

Völundur hefur frá árinu 1995 gróðursett innan um náttúrulegan gróður Grágæsadals fjöldann allan af jurtum og oft með góðri aðstoð frænda sinna og vina. Hann er með um þrjátíu tegundir trjáplantna, þ.á.m. reyni, birki, dögglingsvið, garðahlyn og margar furu- og grenitegundir. Í garðinum eru auk hinnar náttúrulegu flóru svæðisins tegundir eins og himinblá kornblóm, risavalmúi og þrenningarfjólur.

„Gróðurinn hefur vaxið afskaplega vel hjá mér og hreinlega potið upp tvö síðustu árin. Um daginn setti ég til dæmis niður tuttugu birkiplöntur og 20 lindifurur frá Suður-Týról. Ræktunarsvæðið hjá mér er 100x50 metrar og afgirt enda eiga sauðkindur stundum leið um svæðið og þarf að verja fyrir þeim. Ég er nýbúinn að stækka reitinn um helming og sé núna að ég verð að stækka enn frekar og það strax í vor. Enda á ég tilbúna 120 plöntur í bökkum og pottum heima í garðinum hjá mér á Egilsstöðum, mest furu og birki, sem þarf að setja niður í reitinn.“

Völundur segir rollur vera hinn mesta skaðvald á öræfunum því þær éti alla hvönn og gulvíði niður í rót. „Þegar við byggðum fyrst í Grágæsadal fyrir fjörutíu árum (1967) voru hvannir með öllum lækjum og meðfram vatninu. Svo var þetta allt bitið af rollunum, en loksins núna er orðin hvönn alveg eins og var fyrir fjörutíu árum vegna þess að fátt er orðið um fé þarna nema kannski á haustin.“

Það er gaman að því að þegar Sigurður Blöndal var inn frá síðast í skemmtiferð hjá mér með sitt fólk fundum við gulvíði í dalnum, en hann er sem sagt hvergi að finna þar sem rollur eru. Hjörleifur Guttormsson fann hann t.d. ekki þegar hann hljóp út með vatni og fann 58 tegundir af háplöntum meðan við Kristín kona hans hituðum kaffi, líklega 1976. Ég tók

svolfíð af víðiplöntunum og við Kjartan frændi fjölguðum honum um 20 á hverju ári og hann dafnar vel. Þessi gulvíðir skríður eftir jörðinni, er búinn að gera sig jarðlægan enda kannski búinn að vera þarna í þrjú þúsund ár. Ég er líka með gulvíði inn frá sem stendur upp í loftið og er kominn úr Egilsstaðaklettum og norðan frá Laxá í Aðaldal.“

Völundur ræktar víðar en garðinn sinn á Egilsstöðum og í Grágæsadal. Um 5 km frá Grágæsadal og á leið út í Möðrudal, þar sem er hraun, er hann farinn að stinga niður plöntum. „Ef rollur finna þetta ekki getur þarna orðið óskaplega fallegur reitur þegar plönturnar fara að skjóta sér upp á milli steinanna og sandsins milli þeirra.“

Völundur segir að eftir að reglugerð var sett um fjölbreytileika tegundanna (Lög um náttúruvernd 1999, um innflutning, ræktun og dreifingu lífandi lífvera) megi ekki setja útlendar plöntur niður á Íslandi fyrir ofan 500 metra hæð, nema með leyfi til tilraunastarfsemi frá umhverfisstjórnuninni. „Þegar ég fór að lesa skilmálana stóð þar m.a. að einhverjir vísindamenn yrðu að bera ábyrgð á slíkri tilraun og taka þyrfti fram hvaða tegundir þetta væru og hvað þær yrðu lengi. Svo ég hugsaði með mér að ég ætlaði þá bara að bíða eftir að ráðuneytið sem leyfði Kárahnjúkavirkjun myndi kæra mig fyrir garðræktina mína í Grágæsadal.“

Í dalinn hefur komið allskonar fólk í heimsókn. Alþýðufólk og pólitíkusar og vísindamenn svo eitthvað sé nefnt. „Til dæmis kom Össur Skarphéðinsson með þjóðgarðsnefndina 2003 og með honum voru m.a. Steingrímur Sigfússon, Sív Friðleifsdóttir, þáverandi umhverfisstjórnari, og Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri sem ég hafði áður farið með á fjöll. Þau voru á yfirreið vegna Vatnajökulsþjóðgarðs. Höfðu náttúrlega öll komið inn í Snæfell áður og ég sagði bílstjóranum þeirra að vera ekkert að fara þangað heldur koma inn í Grágæsadal. Þau ætluðu svo að gista í Kverkfjöllum. Það varð úr að þau fóru eiginlega ekkert inn í Snæfell, eða hvort þau slepptu Eyjabökkunum sem voru þá sloppnir fyrir horn og komu í Grágæsadal og höfðu þar matinn.“

Flugvöllurinn hans Ómars

Völundur hefur verið Ómari Ragnarssyni innan handar á ferðalögum hans um norðausturöræfin og sigldi t.d. með Ómari í Örkinni þegar byrjað var að fylla í Háslón.

„Árið 1938 flugu Agnar Kofoed Hansen og Bergur Gíslason, formaður Flugmálafélags Íslands, á flugvél sem nefndist Klemminn (þýsk Klemm KL-25), þeirri sem þýskir svifflugumenn sem voru hér á Íslandi skildu eftir og Agnar gerði upp og flaug. Þeir Bergur merktu flugvöll það ár með nokkrum steinum við Sauðá. Í gamla daga þegar við vorum að keyra um sagði Halldór Sigvarðsson á Brú að við ættum að fara yfir Sauðá hjá flugvöllinum því þar væri best að fara og minnst sandbleytan. Þetta er flugvöllurinn sem Ómar Ragnarsson heldur núna til á, við Sauðá, 1.400 metra langur. Hann er búinn að merkja þverbraut og er þar með tvo bíla núna. Ég var þarna um daginn þegar Ómar flaug í rokinu mikla og var að mynda stíflulekann.“

Svo segist Völundi sem á ógrynni sagna í fornum sínum og hefur leiðbeint og frætt Íslendinga og útlendinga, leika og læra, um perlu Íslenskra öræfa í áraraðir. Hann er sannkallaður vörslumaður hálandisins og djúp virðing hans fyrir landi og lífríki lætur engan ósnortinn.

steinunn@mbl.is